

## Tillögur vegna aðalfundar Malbikunarstöðvarinnar Höfða 2026

Boðað hefur verið til aðalfundar Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. föstudaginn 12. júní 2026 að Sævarhöfða 6-10 í samræmi við 10. til 14. gr. samþykktu félagsins. Í samræmi við lið 4.4 í Almennri eigandastefnu Reykjavíkurborgar þarf samþykki borgarráðs til beitingar réttinda eigandafyrirsvars vegna framlagðra tillagna.

Eftirfarandi dagskrá liggur fyrir aðalfundi Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf.:

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár.
2. Ársreikningur og skýrsla endurskoðanda.
3. Tillaga stjórnar um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu og greiðslu arðs.  
*Stjórn leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa fyrir árið 2025.*
4. Tillaga stjórnar um stefnu og framtíðarsýn og helstu mælikvarða.  
*Stjórn leggur fram nýja stefnu, framtíðarsýn og helstu mælikvarða félagsins. Framtíðarsýnin er að Malbikunarstöðin Höfði hf. verði leiðandi afl í sjálfbærri og vandaðri framleiðslu og útlagningu á malbiki á Íslandi. Sett eru fram mælikvarðar um gæði og afköst, fjárhag, umhverfi og öryggi, viðskiptavinum og starfsfólki, meðal annars markaður um að auka útlagningu í 60.000 tonn og framleiðslu í 80.000 tonn á ári árið 2030.*
5. Tillaga stjórnar um fjárhags- og starfsáætlun.  
*Stjórn leggur fram fjárhags- og starfsáætlun fyrir komandi rekstrarár. Áætlaðar tekjur eru 2.000 millj.kr., áætlaður rekstrarkostnaður 1.800 millj.kr. og áætlað EBITDA 200 millj.kr. Áherslur starfsársins eru háamæli í gæðum, eftir innra gæðaeftirlit, öryggi starfsmanna og minnkað kolefnisspor.*
6. Tillaga stjórnar um stefnu um fjármagnsskipan og arðgreiðslustefnu.  
*Stjórn leggur fram stefnu um fjármagnsskipan og arðgreiðslur. Eiginfjárhlutfall skal að jafnaði ekki fara undir 70% (er nú 78,4%) og hlutfall skulda á móti EBITDA ekki fara yfir 3,0x. Arðgreiðslur skulu að jafnaði nema 5–25% af hagnaði liðins árs, að teknu tilliti til fjárhagslegrar stöðu og áætlana félagsins.*
7. Tillaga stjórnar um fjárfestingaráætlun.  
*Stjórn leggur fram fjárfestingaráætlun fyrir komandi rekstrarár sem miðar að aukinni afkastagetu, betri umhverfisárangri og öflugum innviðum. Áhersla er m.a. á endurnýjun lykiltækja, aukna sjálfvirkni, hreinorkubifreiðar og sjálfbæra orkulausn*



fyrir verksmiðju. Fjárfestingar verða fjármagnaðar með blöndu af eigin fé og lánsfjármögnun.

8. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.

*Stjórn leggur fram starfskjarastefnu sem miðar að sanngjörnum, gagnsæjum og samkeppnishæfum kjörum, jafnræði í launum og stöðugleika starfsmannahóps. Laun framkvæmdastjóra ákvarðast af stjórn og eru endurskoðuð reglulega.*

9. Aðrar stefnur sem stjórn skal bera undir hluthafafund skv. 3. mgr. 17. gr.

10. Kosning endurskoðunarfélags.

*Lagt er til að Grant Thornton endurskoðun ehf. fari með endurskoðun reikninga félagsins, í samræmi við samning sem undirritaður var í maí 2023.*

11. Tillögur stjórnar um skipan undirnefndar skv. 20. gr., ef við á.

12. Tillaga stjórnar um greiðslu þóknunar til undirnefndar, ef við á.

13. Kosið í stjórn félagsins, ef við á skv. ákvæði 2. mgr. 14. gr.

14. Tillaga stjórnar um greiðslu þóknunar til stjórnar.

*Stjórn leggur til að stjórnarlaun samsvari flokki II í launakerfi fastra nefnda hjá Reykjavíkurborg og að formaður fái tvöföld stjórnarlaun. Greiðslur miðast við 10 stjórnarfundi á ári.*

15. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Lagt er til við borgarráð að tillögur 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 10 og 14 verði samþykktar.

Varðandi tillögu nr. 13 leggur tilnefninganefnd borgarráðs til að stjórnarkjöri verði frestað til framhaldsaðalfundar sem boðað verður til eigi síðar en 15. september nk., sbr. útskrift fundargerðar dags. 5. mars 2026. Lagt er til við borgarráð að tillagan verði samþykkt.

Málið er trúnaðarmál fram yfir aðalfund Malbikunarstöðvarinnar Höfða sem haldinn verður 12. júní 2026.

Hildur Björnsdóttir  
borgarstjóri

Hjálagt:

- Fundarboð aðalfundar Malbikunarstöðvarinnar Höfða þann 23. júní 2026
- Ársskýrsla og tillögur stjórnar Malbikunarstöðvarinnar Höfða vegna aðalfundar.
- Útskrift tilnefninganefndar.



Reykjavík

Malbikunarstöðin **HÖFÐI hf.**  
Sævarhöfða 6-10, 110 Reykjavík  
Sími: 587 5848  
Kt. 581096-2919



Reykjavík 18. maí 2026

Til hluthafa í Malbikunarstöðinni Höfða hf.

## Aðalfundur 2026

Boðað er til aðalfundar sem haldinn verður á skrifstofu Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. að Sævarhöfða 6-10, Reykjavík, föstudaginn 12. júní 2025 kl. 14:00.

**Dagskrá:** Venjuleg aðalfundarstörf skv 14. gr. samþykka félagsins

Boðaðir eru fulltrúar Borgarstjórans í Reykjavík, stjórn Malbikunarstöðvarinnar Höfða og framkvæmdarstjóri félagsins.

Ársreikningur félagsins liggur frammi á skrifstofu félagsins.

Virðingafyllst,

*Birkir Hrafn Jóakimsson*

---

Birkir Hrafn Jóakimsson, framkvæmdastjóri

# Tillaga stjórnar – Fjárfestingaráætlun 2026

---

## 1. Inngangur

Stjórn Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. leggur fram eftirfarandi fjárfestingaráætlun fyrir næsta rekstrarár. Áætlunin byggir á stefnu félagsins um að efla afkastagetu, bæta umhverfisárangur og tryggja öflugan innviði til að mæta vaxandi verkefnum og kröfum markaðarins.

## 2. Meginmarkmið fjárfestinga

Fjárfestingar skulu byggðar á heildstæðri þarfagreiningu og stefnumörkun félagsins. Áhersla er lögð á:

- Endurnýja lykiltæki og vélar í malbikunarframleiðslu og útlögn.
- Auka sjálfvirkni og stafræna ferla.
- Draga úr losun og bæta orkunýtingu í rekstri.
- Auka afkastagetu og sveigjanleika í útlögn og framleiðslu.
- Viðhalda og uppfæra húsnæði og aðstöðu félagsins.

## 3. Skammtíma fjárfestingaáætlun

- Hreinorku flokka- og vörubílar.
- Endurnýjun valtara, fræsibúnaðar og móttökutækja í malbikunarstöð.
- Uppfærsla á tölvukerfum og gæðastýringarbúnaði.
- Fjárfesting í sjálfbærri orkulausn fyrir verksmiðju (t.d. rafmagns-, vetnis- eða lífdísillausnir), frumskoðun.
- Endurbætur á starfsmannaástöðu og húsnæði.

## 4. Framkvæmd og tímasetning

Stjórn félagsins leggur áherslu á að fjárfestingaráætlun liggi fyrir eigi síðar en 1. nóvember ár hvert, samhliða rekstraráætlun komandi árs. Áætlunin skal grundvallast á stefnu félagsins um sjálfbæra þróun, hagræðingu og vöxt.

## 5. Fjármögnun fjárfestinga

Gert er ráð fyrir að fjárfestingar verði fjármagnaðar með blöndu af eigin fé og lánsfjármögnun. Stjórn mun leggja mat á lánskjör og áhrif á sjóðsstreymi með hliðsjón af arðsemi fjárfestinganna. Við gerð fjárfestingaráætlunar er einnig tekið mið af greiðslugetu félagsins og fyrirbyggjandi verkefnastöðu.

## 6. Greinargerð með tillögu

Með þessari fjárfestingaráætlun er lögð áhersla á langtíma uppbyggingu og stöðugleika í rekstri fyrirtækisins. Áætlaðar fjárfestingar stuðla að auknum afköstum, lægri rekstrarkostnaði og betri samkeppnisstöðu á markaði.

# Tillaga stjórnar – Fjárhags- og starfsáætlun

---

## 1. Inngangur

Stjórn Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. leggur fram eftirfarandi tillögu að fjárhags- og starfsáætlun fyrir næsta starfsár. Markmið áætlunarinnar er að tryggja stöðugleika í rekstri, efla innviði og stuðla að vexti og nýsköpun í starfsemi félagsins.

## 2. Starfsáætlun

Helstu áherslur starfsársins verða eftirfarandi:

- Framleiða og leggja malbik með hámarksgæðum, í samræmi við nútímakröfur verkkaupa og umhverfisstaðla.
- Efla enn betur innra gæðaeftirlit og halda áfram að innleiða nýjungar í tækni, sjálfvirkni og þáttöku í hringrásarhagkerfi.
- Leggja áherslu á öryggi starfsmanna, góða starfsanda og stöðuga hæfnipróun.
- Efla samstarf við sveitarfélög, verktaka og birgja með gagnsæi og fagmennsku að leiðarljósi.
- Draga úr kolefnisspori starfseminnar með aukinni endurvinnslu, betri orkunýtingu og vistvænni flutningum.

## 3. Fjárhagsáætlun

Áætlun helstu fjárhagslegra stærða fyrir komandi rekstrarár er sem hér segir (upphæðir í ISK):

- Áætlaðar tekjur: 2.000.000.000
- Áætlaður rekstrarkostnaður: 1.800.000.000
- Áætlað EBITDA: 200.000.000
- Áætlaðar fjárfestingar: 50.000.000
- Áætlaðar eignfærslur: 80.000.000

## 4. Greinargerð með áætlun

Fjárhags- og starfsáætlunin endurspeglar stefnu félagsins um að halda áfram að byggja á styrkleikum sínum í malbikunarframleiðslu og útlagningu, með áherslu á rekstrarhagræðingu, sjálfbærni og nýsköpun. Áhersla er lögð á að ná og viðhalda sterkri fjárhagslegri stöðu og auka afköst í takt við vaxandi verkefni.

# Tillaga stjórnar – Stefna um fjármagnsskipan og arðgreiðslur

---

## 1. Inngangur

Stjórn Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. leggur fram eftirfarandi tillögu að stefnu félagsins varðandi fjármagnsskipan og arðgreiðslur. Markmið stefnunnar er að tryggja sjálfbæra fjármögnun, stöðugleika í rekstri og ábyrga meðferð á handbæru fé, með hagsmuni hluthafa og framtíðaruppbyggingu félagsins að leiðarljósi.

## 2. Stefna um fjármagnsskipan

Félagið skal viðhalda heilbrigðri og sjálfbærri fjármagnsskipan með eftirfarandi meginmarkmiðum:

- Eiginfjárlutfall skal að jafnaði ekki fara undir 70%, er nú 78,4%.
- Hlutfall skulda miðað við EBITDA skal að jafnaði ekki fara yfir 3,0x.
- Félagið skal halda nægilegu handbæru fé til að standa undir rekstri næstu 8 mánaða án utanaðkomandi fjármögnunar.
- Fjármögnun framkvæmda og fjárfestinga skal að jafnaði samræmast áætlaðri afkastagetu þeirra.
- Við mat á nýjum lánnum skal ávallt leggja mat á áhrif á sjóðstreymi, áhættu og fjárhagslegan sveigjanleika.

## 3. Arðgreiðslustefna

Arðgreiðslur skulu byggjast á rekstri félagsins og miðast við að viðhalda heilbrigðri eiginfjárstöðu. Ákvörðun um arðgreiðslur skal taka mið af eftirfarandi þáttum:

- Hagnaður liðins rekstrarárs.
- Fjárhagsleg staða félagsins við ákvörðunartöku.
- Áætlaðar fjárfestingar og viðhald komandi ára.
- Þörf á sveigjanleika í rekstri og sjóðstreymi.

Stjórn stefnir að því, að teknu tilliti til ofangreindra þátta, að leggja til arðgreiðslur sem að jafnaði nema 5–25% af hagnaði liðins árs, að því gefnu að fjárhagsleg geta og áætlanir félagsins leyfi.

Malbikunarstöðin **HÖFÐI hf.**  
Sævarhöfða 6-10, 110 Reykjavík  
Sími: 587 5848  
Kt. 581096-2919



#### **4. Greinargerð með tillögu**

Með samþykkt þessarar stefnu vill stjórnin skýra ramma utan um ábyrga fjármálastjórn félagsins og gefa hluthöfum fyrirsjáanleika varðandi arðgreiðslur og fjármögnunarstefnu. Stefnan tryggir jafnvægi milli stöðugs rekstrar, fjárfestingargetu og sanngjarns arðs til hluthafa.

# Tillaga stjórnar – Starfskjarastefna

---

## 1. Inngangur

Stjórn Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. leggur fram eftirfarandi tillögu að starfskjarastefnu. Stefnan miðar að því að tryggja sanngjörn, gagnsæ og hvetjandi kjör fyrir starfsfólk fyrirtækisins og styðja við markmið félagsins um stöðugleika, hæfni og fagmennsku.

## 2. Markmið starfskjarastefnunnar

- Tryggja sanngjörn og samkeppnishæf laun í samræmi við ábyrgð og starfslýsingar.
- Stuðla að langtímatryggð starfsmanna með traustu kjarakerfi.
- Tengja samningsbundin hvatakerfi við frammistöðu og árangur.
- Tryggja jafnræði og gagnsæi í kjörum og umbunum.
- Styðja við símenntun, starfsþróun og velferð starfsmanna.

## 3. Meginstefnur í starfskjörum

- Laun skulu ákvarðast á grundvelli starfs, menntunar, ábyrgðar, reynslu og frammistöðu.
- Álagsgreiðslur eða aðrar árangurstengdar umbunanir skulu byggjast á fyrirfram skilgreindum mælikvörðum.
- Fríðindi á borð við síma, akstursstyrki, fæðisstyrki og líkamsræktarstyrki skulu vera samræmd og gagnsæ.
- Laun framkvæmdastjóra skulu ákvarðast af stjórn og endurskoðast reglulega með hliðsjón af rekstrarumhverfi og árangri.
- Öllum starfsmönnum skal tryggð jöfn tækifæri til launa og þróunar óháð kyni, aldri, trú eða uppruna.

## 4. Framkvæmd og endurskoðun

Stjórn ber ábyrgð á að starfskjarastefnunni sé fylgt eftir og hún endurskoðuð reglulega. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegri útfærslu í samræmi við stefnu og samþykktir stjórnar.

## 5. Greinargerð með tillögu

Starfskjarastefnan er liður í því að byggja upp öflugan og traustan vinnustað þar sem sanngirni, sveigjanleiki og frammistaða eru í forgrunni. Hún styður við markmið félagsins um langtímaárangur og ábyrg vinnubrögð í anda jafnræðis og velferðar.

# Tillaga stjórnar – Stefna, framtíðarsýn og helstu mælikvarðar

---

## 1. Framtíðarsýn

Malbikunarstöðin Höfði hf. verði leiðandi afl í sjálfbærri og vandaðri framleiðslu og útlagningu á malbiki á Íslandi, þar sem gæði, nýsköpun og samfélagsábyrgð fara saman.

## 2. Stefna

Malbikunarstöðin Höfði hyggst ná framtíðarsýn sinni með því að:

- Framleiða og leggja malbik með hámarksgæðum, í samræmi við nútímakröfur verkkaupa og umhverfisstaðla.
- Efla enn betur innra gæðaeftirlit og halda áfram að innleiða nýjungar í tækni, sjálfvirkni og þáttöku í hringrásarhagkerfi.
- Leggja áherslu á öryggi starfsmanna, góða starfsanda og stöðuga hæfniþróun.
- Efla samstarf við sveitarfélög, verktaka og birgja með gagnsæi og fagmennsku að leiðarljósi.
- Draga úr kolefnisspori starfseminnar með aukinni endurvinnslu, betri orkunýtingu og vistvænni flutningum.

## 3. Helstu mælikvarðar á árangur

### Gæði og afköst

- Hlutfall verka sem standast gæðakröfur við fyrstu prófanir > 98%.
- Auka útlagningu í 60.000 tonn á ári árið 2030.
- Auka framleiðslu í 80.000 tonn á ári árið 2030.
- Hlutfall malbiks sem framleitt er með endurunnum efnnum > 15% (til skemmri tíma), stefnt á > 35% árið 2030.

### Fjárhagslegir mælikvarðar

- EBITDA hlutfall > 12%.
- Veltufjárhlutfall > 1,5.
- Eiginfjárhlutfall > 60%.

### Umhverfi og öryggi

- Kolefnisspor á framleiddu tonni malbiks (CO<sub>2</sub>/tonn) árlega skráð.

Malbikunarstöðin **HÖFÐI hf.**  
Sævarhöfða 6-10, 110 Reykjavík  
Sími: 587 5848  
Kt. 581096-2919



- Engin alvarleg slys (LTI = 0).
- Orkunotkun á framleiddu tonni miðað við 2024 minnki um 10% (l/tonn) á ári.

### Viðskiptavinir og ímynd

- Mat verkkaupa á gæðum og þjónustu (ánægjuvísitala) > 4,3/5.
- Styrkja þjónustu við viðskiptavini og bæta samskipti.

### Starfsmenn

- Starfsánægjuvísitala > 80%.
- Starfsmannavelta < 10% á ári.

### Greinargerð með tillögu

Stjórnin telur mikilvægt að skýrt liggi fyrir hvaða leið Malbikunarstöðin Höfði hf. hyggst fara á næstu árum og hvernig árangur verði mældur með hlutlægum hætti. Með því að samþykkja þessa stefnu og framtíðarsýn á aðalfundi er lagður grunnur að markvissri ákvörðunartöku og forgangsröðun í rekstri, fjárfestingum og mannauðsstefnu fyrirtækisins.

# Tillaga fyrir aðalfund 2026

## *Greiðsla þóknunar til stjórnar*

---

### 1. Inngangur

Stjórn Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. leggur fram eftirfarandi tillögu um greiðslu þóknunar til stjórnar fyrir næsta starfsár. Tillagan byggir á eðli og umfangi starfs stjórnar og ábyrgð stjórnarmanna, auk samanburðar við sams konar fyrirtæki Reykjavíkurborgar.

### 2. Tillaga um þóknun

Stjórnin leggur til að stjórnarlaun skulu samsvara flokki II í launakerfi fastra nefnda hjá Reykjavíkurborg. Formaður fái tvöföld stjórnarlaun.

Greiðslur miðast við að 10 stjórnarfundir á ári. Ef fundir verða fleiri eða umfang aukist verulega, getur stjórn samþykkt viðbótarþóknun í samráði við aðalfund.

### 3. Rökstuðningur með tillögu

Þóknunin endurspeglar ábyrgð og þátttöku stjórnarmanna í stefnumótun og yfirumsjón með rekstri félagsins.

Malbikunarstöðin **HÖFÐI hf.**  
Sævarhöfða 6-10,  
IS-110 Reykjavík  
Sími: 587 5848,  
Kt. 581096-2919



Reykjavík 18. maí 2026

### **Tillaga fyrir aðalfund 2026.**

Stjórn Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. leggur fram tillögu um, að ekki verði greiddur arður til hluthafa, fyrir árið 2025.

Malbikunarstöðin **HÖFÐI hf.**  
Sævarhöfða 6-10, IS-110 Reykjavík  
Sími: 587 5848,  
Kt. 581096-2919,



Reykjavík 18. maí 2026.

### **Tillaga fyrir aðalfund 2025.**

Stjórn Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. gerir það að tillögu sinni að fyrir reikningsárið 2026 verði löggiltur endurskoðandi kjörinn Grant Thornton endurskoðun ehf. í samræmi við samning sem undirritaður var í maí 2023.

Malbikunarstöðin Höfði hf.  
Ársreikningur 2025

Malbikunarstöðin Höfði hf.  
Sævarhöfða 6-10  
110 Reykjavík

Kt. 581096-2919

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	5
Rekstrarreikningur .....	7
Efnahagsreikningur .....	8
Sjóðstreymisyfirlit .....	9
Skýringar .....	10

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Starfsemi félagsins felst í framleiðslu, útlagningu og sölu á malbiki og steinefnum til gatna- og vegagerðar.

## Rekstur ársins 2025 og framtíðarhorfur

Rekstrartekjur félagsins námu 1.866 millj. kr. á árinu 2025 og hækkuðu um 888 millj. kr. milli ára eða um 91%. Tap félagsins á árinu 2025 nam 16 millj. kr. (2024: 215 millj. kr.)

Eigið fé félagsins í árslok nam 1.254 millj. kr. (2024: 1.270 millj. kr.) að meðtöldu hlutafé félagsins að fjárhæð 193 millj. kr. Stjórn félagsins leggur til að ekki verður greiddur arður til hluthafa á árinu 2026 en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Meðalfjöldi starfsmanna félagsins á árinu umreiknaður í heilsársstörf (ársverk) var 29 (2024: 32). Karlar eru 85,7% starfsmanna í árslok og konur 14,3%. Í yfirstjórn félagsins sitja tveir karlar og tvær konur auk framkvæmdastjóra.

Hluthafar í árslok voru tveir líkt og í ársbyrjun. Í árslok 2025 var hlutafé í eigu eftirtalinna aðila:

	Eignarhluti
Borgarsjóður Reykjavíkur .....	99,00%
Aflvaki hf. ....	1,00%

Félagið og Reykjavíkurborg komust að samkomulagi um brottflutning á starfsemi félagsins og niðurrif á hluta þeirra mannvirkja sem eru staðsett á lóð að Sævarhöfða. Flutningi á framkvæmdadeild og skrifstofu Höfða hefur verið frestað tímabundið og ákveðið að brottflutningi ljúki vorið 2026.

Flutningar starfseminnar hefur verið kostnaðarsöm og flókin framkvæmd sem hefur gengið verulega á eigið fé félagsins. Enn er eftir að rífa örfá mannvirki á lóðunum að Sævarhöfða og verður það klárað sumarið 2026.

Á árinu 2025 var haldið áfram að endurvinnu upprifið malbik og malbiksafganga á lóðinni að Sævarhöfða. Efnið er brotið með grjótmulningsbúnaði í eigu félagsins og nýtt aftur í malbiksframleiðslu eða sem jöfnunarlag undir malbik.

Mikil samkeppni er í framleiðslu á malbiki sem hefur haft áhrif á sölu. Samdráttur í opinberum og einkareknum framkvæmdum, ásamt háu vaxtastigi og verðbólgu, hefur dregið úr uppbyggingu og viðhaldi vega og gatna. Þrátt fyrir það náði félagið að auka tekjur sínar umtalsvert. Félagið gerir ráð fyrir auknum verkefnum næstu árin með aukinni framlegð.

Stjórn og framkvæmdastjóri Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2025 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 30. mars 2026.

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf.

## Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. („félagið“) fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2025 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við uppfyllum ákvæði siðareglna endurskoðanda á Íslandi og teljumst því óháð félaginu. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt með ársreikningi sem og á öðrum vettvangi. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem félagið gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar eru m.a. skýrsla stjórnar sem fylgir ársreikningi, ársskýrsla og önnur ófjárhagsleg upplýsingagjöf. Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirllestri á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar að lágmarki sem ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningi með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema ákveðið hafi verið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða engir aðrir raunhæfir kostir fyrir hendi en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals og misvísandi framsetningu ársreikningsins, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirlit sé ekki virt.
- Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringum þar á meðal.
- Afla endurskoðunargagna er varða verulegar einingar innan ársreikningsins til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framkvæmd endurskoðunar félagsins og berum ein ábyrgð á áliti okkar á félaginu.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk verulegra atriða sem upp komu í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við lýsum því yfir að við uppfylfum ákvæði siðareglna er varðar óhæði. Við höfum komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við á.

Fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.  
Reykjavík, 30. mars 2026.

---

## Rekstrarreikningur árið 2025

	Skýr.	2025	2024
<b>Rekstrartekjur</b>			
Sala vöru og þjónustu .....		1.836.422.449	959.861.625
Aðrar tekjur .....	10	29.087.869	18.129.475
		1.865.510.318	977.991.100
<b>Rekstrargjöld</b>			
Verkkostnaður .....		1.153.366.047	615.220.205
Laun og launatengd gjöld .....	11	504.043.011	455.962.135
Annar rekstrarkostnaður .....		92.157.011	58.743.761
Afskriftir .....	13	88.706.432	96.310.158
		1.838.272.501	1.226.236.259
Rekstrarhagnaður (-tap) fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....		27.237.817	( 248.245.159)
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Vaxtatekjur .....		1.561.410	2.685.636
Vaxtagjöld .....		( 49.015.716)	( 23.329.617)
Gengismunur .....		( 182.885)	( 6.764)
		( 47.637.191)	( 20.650.745)
Tap fyrir tekjuskatt .....		( 20.399.374)	( 268.895.904)
Tekjuskattur .....	12	4.098.911	53.775.001
<b>Tap ársins</b> .....	18	( 16.300.463)	( 215.120.903)

## Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	2025	2024
<b>Eignir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	13	1.279.014.337	1.246.675.105
Skuldabréfæign .....	14	18.033.865	25.737.191
Skatteign .....	15	7.744.549	3.645.638
Fastafjármunir		<u>1.304.792.751</u>	<u>1.276.057.934</u>
Birgðir .....		115.993.078	168.022.725
Viðskiptakröfur .....	16	284.825.444	165.800.813
Næsta árs afborganir skuldabréfæignar .....	14	8.656.255	8.347.197
Aðrar skammtímakröfur .....		1.171.917	2.838.046
Fyrirframgreiddur kostnaður .....		1.857.651	0
Handbært fé .....		202.796	231.291
Veltufjármunir		<u>412.707.141</u>	<u>345.240.072</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>1.717.499.892</u></u>	<u><u>1.621.298.006</u></u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....	17	192.500.000	192.500.000
Lögbundinn varasjóður .....		48.125.000	48.125.000
Óráðstafað eigið fé .....		1.013.424.692	1.029.725.155
Eigið fé	18	<u>1.254.049.692</u>	<u>1.270.350.155</u>
<b>Skuldir</b>			
Aðrar langtímaskuldir .....	19	0	15.000.000
Langtímaskuldir		<u>0</u>	<u>15.000.000</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	19	15.000.000	30.000.000
Skuldir við lánastofnanir .....		245.925.503	199.900.807
Viðskiptaskuldir .....		140.684.661	51.673.522
Aðrar skammtímaskuldir .....		61.840.036	54.373.522
Skammtímaskuldir		<u>463.450.200</u>	<u>335.947.851</u>
Skuldir samtals		<u>463.450.200</u>	<u>350.947.851</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>1.717.499.892</u></u>	<u><u>1.621.298.006</u></u>

## Sjóðstreymisyfirlit árið 2025

	Skýr.	2025	2024
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Tap ársins .....	18	( 16.300.463)	( 215.120.903)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna .....		( 27.705.067)	( 18.129.475)
Afskriftir .....	13	88.706.432	96.310.157
Frestaður tekjuskattur, breyting .....		( 4.098.911)	( 53.775.001)
Veltufé frá (til) rekstrar		40.601.991	( 190.715.222)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, lækkun (hækkun) .....		52.029.647	( 4.176.691)
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun .....		( 119.216.153)	85.477.854
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) .....		96.477.653	( 38.723.232)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		29.291.147	42.577.931
Handbært fé frá (til) rekstrar		69.893.138	( 148.137.291)
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	13	( 202.600.567)	( 153.101.940)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		109.259.972	47.123.123
Skuldabréfaeign, breyting .....		7.394.268	24.322.648
Fjárfestingarhreyfingar		( 85.946.327)	( 81.656.169)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborganir langtímaskulda .....		( 30.000.000)	( 30.000.000)
Skuldir við lánastofnanir, breyting .....		46.024.696	199.900.807
Fjármögnunarhreyfingar		16.024.696	169.900.807
<b>Lækkun á handbæru fé .....</b>		( 28.493)	( 59.892.653)
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		231.291	60.123.944
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		202.796	231.291

# Skýringar

---

## 1. Félagið

Malbikunarstöðin Höfði hf. („Félagið“) er hlutafélag í eigu Reykjavíkurborgar sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Malbikunarstöðin Höfði hf. er í dag eitt af stærstu fyrirtækjum landsins á sviði malbiksgerðar og útlagningar.

## Reikningsskilaaðferðir

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

## 3. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í lok ársins. Gjaldmiðlagengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

## 4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýmum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir .....	5 - 50 ár
Bifreiðar .....	7 - 13 ár
Vélar, áhöld og tæki .....	8 - 20 ár

## 5. Skuldabréfaeign

Skuldabréfaeign er færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

## 6. Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði, hvoru sem lægra reynist.

## 7. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

## 8. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

# Skýringar

## 9. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattur ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé en í þeim tilvikum er hann færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum tekjuskatti byggist á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundinn mismunur kemur til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörstegi.

Skatteign vegna yfirfæranlegs taps er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta skattalega tapið á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörstegi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki. Tekjuskattshlutfall félagsins er 20%.

## 10. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur greinast þannig:	2025	2024
Söluhagnaður .....	29.087.869	18.129.475
Aðrar tekjur samtals .....	29.087.869	18.129.475

## 11. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2025	2024
Laun .....	408.764.861	380.400.884
Mótframlag í lífeyrissjóð .....	53.072.754	48.989.196
Önnur launatengd gjöld .....	36.842.660	34.103.407
Áfallið orlof, breyting .....	( 2.365.408)	( 12.448.037)
Annar starfsmannakostnaður .....	7.728.144	4.916.685
Laun og launatengd gjöld samtals .....	504.043.011	455.962.135
Ársverk .....	29	28,1

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu samtals 36 millj. kr. á árinu 2025 (2024: 34 millj. kr.).

# Skýringar

## 12. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:			<b>2025</b>	<b>2024</b>
Breyting á skatteign .....	(	4.098.911)	(	53.775.001)
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning .....	(	4.098.911)	(	53.775.001)
Virkt skatthlutfall:			<b>2025</b>	<b>2024</b>
Tap fyrir tekjuskatt .....	(	20.399.374)		( 268.895.904)
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall ....	20%	4.079.875	21%	56.468.140
Áhrif breytinga á skatthlutfalli .....	0%	0	1%	( 2.688.750)
Ófrádráttarbær kostnaður .....	0%	( 4.280)	(0%)	( 4.389)
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning .....	20%	4.098.911	20%	53.775.001

## 13. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:

	<b>Fasteignir</b>	<b>Bifreiðar</b>	<b>Vélar, áhöld og tæki</b>	<b>Samtals</b>
Heildarverð 1.1.2024.....	639.493.614	449.036.165	1.315.199.479	2.403.729.258
Viðbót á árinu .....	16.310.962	33.085.913	103.705.065	153.101.940
Selt og niðurlagt á árinu .....	0	( 61.521.372)	( 7.555.391)	( 69.076.763)
Heildarverð 31.12.2024.....	655.804.576	420.600.706	1.411.349.153	2.487.754.435
Viðbót á árinu .....	151.489.910	46.749.355	4.361.302	202.600.567
Selt á árinu .....	( 78.264.297)	( 174.101.712)	( 94.763.609)	( 347.129.618)
Heildarverð 31.12.2025.....	729.030.189	293.248.349	1.320.946.846	2.343.225.384
Afskrifað samtals 1.1.2024.....	236.043.520	261.016.480	687.792.285	1.184.852.285
Afskriftir færðar út við sölu .....	0	( 34.733.564)	( 5.349.551)	( 40.083.115)
Afskriftir ársins .....	10.353.851	25.969.055	59.987.252	96.310.158
Afskrifað samtals 31.12.2024.....	246.397.371	252.251.971	742.429.986	1.241.079.328
Afskriftir færðar út við sölu .....	( 78.264.297)	( 93.491.969)	( 93.818.447)	( 265.574.713)
Afskriftir ársins .....	10.706.045	28.214.715	49.785.672	88.706.432
Afskrifað samtals 31.12.2025.....	178.839.119	186.974.717	698.397.212	1.064.211.047
Bókfært verð 31.12.2024.....	409.407.205	168.348.735	668.919.167	1.246.675.105
Bókfært verð 31.12.2025.....	550.191.070	106.273.632	622.549.635	1.279.014.337
Afskriftahlutföll .....	0%-5%	0%-146%	5%-12%	

### Fasteignamat og vátryggingarverðmæti

Fasteignamat og vátryggingarverðmæti greinist þannig:

	<b>Fasteignamat</b>	<b>Brunabótamat</b>	<b>Vátryggingarverðmæti</b>
Fasteignir .....	860.815.000	755.080.000	
Vélar, áhöld og tæki .....			1.703.746.000
Samtals .....	860.815.000	755.080.000	1.703.746.000

# Skýringar

## 14. Skuldabréfaeign

Skuldabréfaeign félagsins greinist þannig:	2025	2024
Verðtryggð skuldabréf í ISK .....	26.690.120	34.084.388
Skuldabréfaeign samtals .....	26.690.120	34.084.388
Næsta árs afborganir skuldabréfaeignar .....	( 8.656.255)	( 8.347.197)
Skuldabréfaeign samkvæmt efnahagsreikningi .....	18.033.865	25.737.191

Afborganir skuldabréfaeignar greinist þannig á næstu ár:

Afborganir árið 2026/2025 .....	8.656.255	8.347.197
Afborganir árið 2027/2026 .....	8.656.255	8.347.197
Afborganir árið 2028/2027 .....	8.656.255	8.347.197
Afborganir árið 2029/2028 .....	721.355	8.347.197
Afborganir árið 2030/2029 .....	0	695.600
Afborganir skuldabréfaeignar samtals .....	26.690.120	34.084.388

## 15. Skatteign

Skatteign greinist þannig:	2025	2024
Skatteign (tekjuskattsskuldbinding) í ársbyrjun .....	3.645.638	( 50.129.363)
Reiknaður tekjuskattur færður í rekstrarreikning .....	4.098.910	53.775.001
Skatteign í árslok .....	7.744.548	3.645.638

Skatteign skiptist þannig í árslok:

Varanlegir rekstrarfjármunir .....	( 46.523.935)	( 52.321.772)
Birgðir .....	( 1.205.010)	( 1.205.010)
Viðskiptakröfur .....	4.522.425	3.689.183
Frestaður gengismunur .....	48.151	47.533
Yfirfæranlegt skattalegt tap .....	50.902.917	53.435.704
Skatteign í árslok .....	7.744.548	3.645.638

## 16. Niðurfærsla viðskiptakrafna

Niðurfærsla viðskiptakrafna greinist þannig:	2025	2024
Niðurfærsla í ársbyrjun .....	18.445.915	35.489.369
Tapaðar kröfur á árinu .....	0	( 147.231)
Gjaldfærð (tekjufærð) niðurfærsla á árinu .....	4.166.212	( 16.896.223)
Niðurfærsla í árslok .....	22.612.127	18.445.915

## 17. Hlutfé

Heildarhlutfé samkvæmt samþykktum félagsins er 193 millj. kr. og fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut.

# Skýringar

## 18. Yfirlit eiginfjárreikninga

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2024.....	192.500.000	48.125.000	1.244.846.058	1.485.471.058
Tap ársins .....	0	0	( 215.120.903)	( 215.120.903)
Eigið fé 31.12.2024.....	192.500.000	48.125.000	1.029.725.155	1.270.350.155
Tap ársins .....	0	0	( 16.300.463)	( 16.300.463)
Eigið fé 31.12.2025.....	192.500.000	48.125.000	1.013.424.692	1.254.049.692

## 19. Aðrar langtímaskuldir

Aðrar langtímaskuldir greinast þannig:	2025	2024
Óverðtryggðar skuldir í ISK .....	15.000.000	45.000.000
Aðrar langtímaskuldir samtals .....	15.000.000	45.000.000
Næsta árs afborganir langtímalána .....	( 15.000.000)	( 30.000.000)
Aðrar langtímaskuldir samkvæmt efnahagsreikningi .....	0	15.000.000

Aðrar langtímaskuldir eru tryggðar með veði í fasteignum félagsins, öðrum varanlegum rekstrarfjármunum, birgðum og viðskiptakröfum.

Afborganir skulda við lánastofnanir greinast þannig á næstu ár:

Afborganir árið 2026/2025 .....	15.000.000	30.000.000
Afborganir árið 2027/2026 .....	0	15.000.000
Afborganir langtímalána samtals .....	15.000.000	45.000.000

## 20. Yfirfæranlegt skattalegt tap

Ójafnað skattalegt tap í árslok 2025 nam 255 millj. kr. Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því að það myndast fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok 2025 er nýtanlegt til ársins 2033.

	2025	2024
Skattalegt tap ársins 2023, nýtanlegt til ársloka 2033 .....	159.694	12.940.207
Skattalegt tap ársins 2024, nýtanlegt til ársloka 2034 .....	254.354.892	254.354.892
Ójafnað skattalegt tap samtals .....	254.514.586	267.295.099

# Skýringar

## 21. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. Móðurfélag, hluthafar með yfirráð eða veruleg áhrif, stjórnarmenn, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Hluthafar .....	97.614.524	584.231.830	0	55.566.174
	<u>97.614.524</u>	<u>584.231.830</u>	<u>0</u>	<u>55.566.174</u>

Viðskipti við tengda aðila árið 2024:

	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Hluthafar .....	30.856.497	237.729.534	37.210.355	0
Stjórnarmenn .....	75.000	0	0	0
	<u>30.931.497</u>	<u>237.729.534</u>	<u>37.210.355</u>	<u>0</u>

## 22. Önnur mál

Félagið heldur grænt bókhald í samræmi við reglugerð nr. 851/2002 þar að lútandi.

Þóknun til endurskoðenda ársreiknings félagsins nam 3,4 millj. kr.

8. júní 2026

Borgarráð

**Kosning fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórn Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf.**

Hér með sendist útskrift úr fundargerð tilnefningarnefndar dags. 5. mars 2026:

**12. Malbikunarstöðin Höfði hf.**

Samþykkt að leggja til við borgarráð að frestað verði tilnefningum kjörinna fulltrúa í Malbikunarstöðinni Höfða hf. til framhaldsaðalfundar sem boðað verði til eigi síðar en 15. september nk.

Þorsteinn Gunnarsson  
borgaritari